

Stuðningur við börn á flóttu

Fræðsla um stöðu og réttindi flóttabarna og áhrif áfalla á líðan, heilsu og hegðun barna

 Rauði krossinn  unicef | fyrir öll börn

 KENNARASAMBAND ÍSLANDS

 Barna- og fjölskyldustofa



Dagskrá

- 14:00 Opnun
- 14:05 Hugtakanotkun og staða réttinda barna á flóttu, *UNICEF á Íslandi*
- 14:15 Áföll og sálfélagslegur stuðningur við börn á flóttu, *Rauði krossinn á Íslandi*
- 14:50 Samþætting þjónustu í þágu allra barna, *Barna- og fjölskyldustofa*
- 15:15 Reynsla kennara
- 15:30 Spurningar og svör
- 15:45 Lok



Börn á flóttu

Um hugtökin og réttindi barnanna

Eva Bjarnadóttir
UNICEF á Íslandi

103
milljónir á flótta (þvingaðir fólksflutningar)

40
milljónir eru börn undir 18 ára

32,5
milljónir með alþjóðlega vernd í öðru ríki

4,9
milljónir umsækjendur um alþjóðlega vernd

unicef 
fyrir öll börn



Hugtök

- Flóttamaður

„er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur“

- Ríkisfangslaus
- Flóttamaður í eigin landi (IDP)
- Umsækjandi um alþjóðlega vernd
 - Hælisleitandi er gamalt hugtak
- Börn á flóttu
 - Barn í fylgd foreldra/forsjáraðila
 - Fylgdarlaust barn (eitt á ferð)
 - Aðskilið barn (í fylgd annarra)



Ísland 2022

4.471 umsóknir

1079 (24%) börn undir 18 ára


3.532 (79%) frá Úkraínu og Venesúela





Hugtök

- Umsóknarferli / málsmeðferð
 - Efnismeðferð
 - Dyflinnarreglugerð/vernd í öðru ríki
 - Endursending
- Ákvörðun
 - Vernd / viðbótarvernd
 - Dvalarleyfi af mannúðarástæðum
 - Tímabundin vernd (Úkraína)
 - Synjun
 - Brottvísun / sjálfviljug brottför
- Ákvörðun kærð
 - Kærunefnd útlendingamála
 - Úrskurður



Barnasáttmálinn og landamæri

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna:

- Skyldur ríkja samkvæmt Barnasáttmálum eiga við um öll börn innan landamæra ríkisins, óháð lagalegri stöðu foreldra þeirra.
- Ríki skulu tryggja að komið sé fram við börn sem fara yfir landamæri fyrst og fremst sem börn en ekki útlendinga.

22. gr. Barnasáttmálans

- Fjallar sérstaklega um börn sem sækja um vernd og börn sem eru með stöðu flóttamanns
- Ítrekar að þau njóti réttinda Barnasáttmálans og rétt þeirra til að njóta aðstoðar við að sameinast fjölskyldu sinni.



Grundvallargreinar

2



ÖLL BÖRN ERU JÖFN

3



ÞAÐ SEM BARNINU
ER FYRIR BESTU

6



LÍF OG ÞROSKI

12



VIRÐING FYRIR
SKOÐUNUM BARNA



Börn á flóttu og áföll



Rauði krossinn

"YOU HAVE TO UNDERSTAND,
NO ONE PUTS THEIR CHILDREN IN A
BOAT
UNLESS THE WATER IS SAFER THAN
THE LAND"
WARSAN SHIRE, BRITISH-SOMALI POET



© UNHCR/Andrew McConnell



The UN Refugee Agency

Þrjú stig áfalla (e. Triple trauma paradigm)

Fyrir flóttu

Á flóttu

Eftir flóttu

Þrjú stig áfalla (e. Triple trauma paradigm)

Fyrir flóttu

Áreitni, ógnanir,
hótanir

Ótti um ólögsmæta
handtöku

Atvinnumissir,
Tekjumissir

Heimilis- og
eignarmissir

Sundrun
samfélags

Pyntingar og annað
ofbeldi

Vantraust gagnvart
náunganum

Bann við trúariðkun
eða öðrum siðum

Aðskilnaður við
fjölskyldu

Vannæring

Lítill eða enginn
aðgangur að
heilbrigðisþjónustu,
menntun, atvinnu.

Að búa í felum

O.fl.

Þrjú stig áfalla (e. Triple trauma paradigm)

Á flóttu

Ótti við handtöku

Búa í felum

**Misnotkun – dýrt
mútur fyrir smygl
eða fölsuð gögn**

**Líkamlegt og
kynferðislegt
ofbeldi**

**Líkamlegt erfiði og
óöryggi á ferð yfir
land og sjó**

Óörugg búseta

**Löng bið í
flóttamannabúðum**

**Aðskilnaður við
fjölskyldu**

Vannæring

**Lítill eða enginn
aðgangur að
heilbrigðisþjónustu,
menntun, atvinnu.**

Að búa í felum

**Óvissa um
fram tíðina, ástvini**

O.fl.

Þrjú stig áfalla (e. Triple trauma paradigm)

Samfélagsstaða

**Tungumálaörðug
-leikar**

Sjálfsmyndartap

Fjárhagserfiðleikar

**Slæmar fréttir frá
upprunalandi**

Fordómar og rasismi

Atvinnuleysi

**Lélegt/óöruggt
húsnæði**

**Endurteknir flutningar
á milli húsnæða**

**Félagsleg og
menningarleg
einangrun**

Eftir flóttu

**Aðskilnaður við
fjölskyldu,
fjölskyldu-
sameining**

**Óuppgerð mál, t.d.
týndir**

fjölskyldumeðlimir

**Óraunhæfar
væntingar**

Menningarsjokk

Fjölskyldan


Heilsustreita

Fjárhags- og
félagsleg streita


Fjarlægðar-
streita

Viðbrögð við áföllum

- ❖ Líkamleg viðbrögð
- ❖ Hugsanir
- ❖ Tilfinningar
- ❖ Atferli-Hegðun



Algeng viðbrögð




Áföll ≠ Áfallastreita

- ❖ Eðlileg streituvíðbrögð við áföllum
- ❖ Bráð streituröskun – getur þróast í PTSD
- ❖ „Einföld“ áfallastreita – eftir einn atburð
- ❖ Flókin áfallastreita – eftir fleiri áföll yfir lengra tímabil.

Viðbrögð eftir aldurstigi

Leikskólastig

Upplifa hjálparleysi og óöryggi
Aðskilnaðarkvíði
Mikill grátur og öskur
Lítill matarlyst
Pissa undir (aftur)
Afturhvarf í þroska
Nýr ótti
Martraðir
Áfall endurtekið í leik
proskatöf
Hegðunarbreytingar
Spurningar um dauðann



TODDLER (2-6)

Yngri stig grunnskóla

Kvíði og ótti
Áhyggjur um öryggi
Skömm og samviskubit
Segja endurtekið frá því sem gerðist
Mikil viðbrögð við litlum atvikum/meiðslum
Einbeitingarskortur
Ótti um að atvik endurtaki sig
Doði
Svefnerfiðleikar
Slakur námsárangur
Bregður auðveldlega



YOUNG CHILDREN (6-10)


Eldri stig grunnskóla

Punglyndi
Einmanaleiki
Átröskun eða annar sjálfskaði
Fíknihegðun
Fara snemma að stunda kynlíf
Finnst þau vera að „missa vitið“
Taka áhættur
Svefnerfiðleikar
Forðun
Hegðunarbreytingar
Tilfinningadoði



TEENS (11-18)

Lykilþættir í sálrænum bata





Hvað getum við gert?



Sköpum verndandi umhverfi



- sem dregur úr skaða áfalla
- sem börn upplifa sig örugg
- sem styður við þrautseigju eftir áföll

Hvernig sköpum verndandi umhverfi?

- **Byggjum upp traust – við foreldra og barn**
- **Pössum upp á frekari áföll, t.d einelti og útilokun**
- **Stillum væntingum í hóf, t.d. sund, heimanám.**
- **Beitum ekki refsingum – geta verið áfallatengdar kveikjur**
- **Horfumst í augu við eigin fordóma og neikvæða hlutdrægni**
- **Pekkjum áhrif áfalla á hegðun barna**
- **Verum fyrirmyndir í samskiptum**



Samskipti við barnið



- **Einblínum á styrkleika barnsins/því sem vel gengur**
- **Gefum barninu tíma og hlustum á það**
- **Leyfum tilfinningum að koma fram, t.d. ofurviðkvæmni, reiði**
- **Verum sveigjanleg varðandi námsárangur**
- **Aðaláherslan að barnið nái jafnvægi og eignist vini**



Samskipti við foreldra



- Höfum menningarmun í huga í samskiptum
- Höfum í huga að foreldrafærni gæti verið skert tímabundið
- Foreldrar þurfa mögulega meiri stuðning og upplýsingar



Hvert er okkar hlutverk?



- **Mikilvægt að við skiljum okkar hlutverk í lífi barnsins og förum ekki út fyrir okkar hlutverk.**
- **Við opnum ekki á samtöl um áföll eða erfiðar upplifanir**
 - **en ef slíkt kemur upp þá hlustum við á barnið og komum málinu áfram.**
- **Verkferlar þurfa að vera skýrir innan skólans**



Tól fyrir áfallamiðaða nálgun



- **Bæklingur um áfallamiðaða nálgun í skólum**
 - Karen Nóadóttir karennoadottir@gmail.com - www.afmn.is (fer í loftið fljótlega)
- **TIPPS - Trauma-informed programs and practices for schools**
 - Dr. Todd I. Herrenkohl, Univeristy of Michigan
- **Children's Resilience Programme - Psychosocial support in and out of schools**
 - Psychosocial Centre IFRC





**Barna- og
fjölskyldustofa**

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Elísabet Sigfúsdóttir

Halla Björk Marteinsdóttir

Sérfræðingar á farsældarsviði






Farsældarlögin – aðdragandi

- Frumkvæði Ásmundar Einars Daðason, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra
 - Ráðstefna um snemmtæka íhlutun 2018
- Afurð viðtæks samráðs
 - Undirritun viljayfirlýsingar fimm ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga í þeim tilgangi að:
 - Brjóta niður múra á milli kerfa
 - Bæta þjónustu í þágu barna
 - Skapa barnvænt samfélag
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021 tóku gildi í janúar 2022.




Markmið samþættingar

- Að samstarf vegna þjónustu við börn fari í skýrari farveg
- Að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu
 - ✓ hafi aðgang að tengilið/málstjóra
- Þeir sem veita börnum og foreldrum þjónustu eiga að:
 - ✓ fylgjast með velferð og farsæld allra barna
 - ✓ bregðast við þörf fyrir þjónustu
 - ✓ hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi



Stigskipting þjónustu í þágu barna





Þeir sem bera skyldur gagnvart lögum

- Þjónustuveitendur veita farsældarþjónustu á vegum ríkis eða sveitarfélaga
 - ✓ t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.
- Almenn þjónusta í þágu farsældar barna sem er ekki á vegum ríkis eða sveitarfélags
 - ✓ t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþróttar-, lista og æskulýðsstarf, annað tómstundastarf og frjáls félagasamtök



Snemmtækur stuðningur - Ábyrgð þjónustuveitenda

Taka eftir og greina
vísbendingar um að
þörfum barns sé ekki
mætt

Bregðast við
vísbendingum um að
þörfum barns sé ekki
mætt

Leiðbeina um
sambættingu

Miðla upplýsingum til
tengiliðar sem hefur
samband við foreldra
og barn




Hvernig hefst samþætting þjónustu?

- Þjónustuveitendur sem sjá að þörfum barns er ekki mætt veita foreldrum og barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu.
- Hér eru tvær leiðir færar:
 - ✓ Foreldrar og börn hafa beint samband við tengilið/málstjóra og óskað eftir samþættingu.
 - ✓ Að höfðu samráði við foreldra miðla þjónustuveitendur upplýsingum til tengiliðar/málstjóra og óska eftir aðkomu þeirra að málum barnsins.
 - ✓ **Beiðni um miðlun** á upplýsingum er sett fram á sérstöku eyðublaði.
 - ✓ Hér er eingöngu um að ræða upplýsingar svo tengiliður/málstjóri geti boðað foreldra og barn til sín.



Tengiliður

- Á meðgöngu og frá fæðingu fram að skólagöngu = **starfsmaður heilsugæslu**
- Barn/ungmenni í skóla = **starfsmaður skóla** (leik → grunn → framhaldsskóla)
- Sérstakar aðstæður = **starfsmaður félagsþjónustu** (t.d. barn sem er ekki í skóla)





Hlutverk tengiliðar

- Starfar á grundvelli beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu
- Skal hafa **viðeigandi þekkingu** á farsældarþjónustu
- Hvað gerir tengiliður?
 - ✓ talar við foreldra og barn og leiðbeinir og ráðleggur
 - ✓ tekur við beiðni foreldra fyrir samþættingu ef þörf er á samþættingu á 1 stigi
 - ✓ skipuleggur og fylgir eftir samþættingu 1 stigs þjónustu
 - ✓ kemur máli í hendur málstjóra eftir atvikum



Málstjóri

- Starfar á grundvelli **beiðni foreldra og/eða barns** um samþættingu þjónustu
- **Starfsmaður félagsþjónustu** – eða – þar sem þarfir barns liggja
- **Starfsmaður barnaverndarþjónustu** ef þörf á barnaverndarúrræðum skv. niðurstöðu könnunar

Almennt innan
félagsþjónustu
sveitarfélags

Getur verið
starfsmaður
barnaverndar eða
á þeim sviðum þar
sem þarfir barns
liggja





Málstjóri

- Málstjóri skal hafa **yfirgripsmikla þekkingu** á farsældarþjónustu
- **Hvernig berst erindi til málstjóra?**
 - ✓ ef barn þarf fjölþætta þjónustu á 2 og/eða 3 stigi til lengri tíma
 - ✓ fyrir liggur beiðni um samþættingu (frá foreldrum og/eða barni)
 - ✓ tengiliður getur vísað máli til málstjóra
 - ✓ þeir sem veita þjónustu geta vísað máli til málstjóra
 - ✓ foreldri og barn getur leitað beint til málstjóra



Hvað gerir málstjóri

- Aflar upplýsinga um aðstæður barns
- Skipuleggur og fylgir eftir samþættingu 2 og/eða 3 stigs þjónustu
- Kemur á fót *stuðningsteymi* með foreldrum/barni og fulltrúum þeirra sem veita barni þjónustu
- Stýrir stuðningsteymi og ber ábyrgð á gerð *stuðningsáætlunar*:
 - mat á þörfum barns
 - markmið með þjónustu
 - árangursmat
 - tímabil
 - eftirfylgd – endurmat og endurnýjun
 - *Áður en barn verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um samþættingu þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri.*
- Ef máli lýkur án stuðningsáætlunar
 - rökstudd niðurstaða sem kynnt er foreldrum/barni og tengilið



Tilkynningarskylda til barnaverndar

- Hafa ber í huga að samþætting leysir ekki tilkynningarskyldu til barnaverndar af hólmi
- Ef grunur vaknar um að farsæld barns sé hættu búin skal tilkynna málið til barnaverndar.
- Tilkynningarskyldan trompar allt!




Vinnsla persónuupplýsinga

- Fyrsta vinnsla persónuupplýsinga er miðlun upplýsinga til tengiliðar
 - ✓ Þjónustuveitandi tekur við beiðni um miðlun
- Tengiliður tekur við beiðni um samþættingu þjónustu
 - ✓ Beiðnin er heimildin fyrir miðlun upplýsinga milli aðila sem veita þjónustu
- Samþætting = heimilar vinnslu persónuupplýsinga, söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga. *Ekki heimild til að miðla öllum upplýsingum óhindrað á milli kerfa eða innan vinnustaðar.*
- Tryggja skal skilyrði persónuverndarlaga í allri vinnslu mála
 - ✓ Í undirbúningi eru viðmið um vinnslu persónuupplýsinga í samþættri þjónustu
 - ✓ leiðbeiningar til allra sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur um
 - tilgang og aðferðir við vinnslu
 - meðalhóf, gagnsæi og fræðslu

Sambættingin flokkast með arðbærari verkefnum sem hið opinbera hefur ráðist í

Samanburður á raunávöxtun¹



Sambætting farsældarþjónustu væri með arðbærari verkefnum sem hið opinbera getur ráðist í

Ef tekið væri tillit til **aukinnar framleiðni** þeirra barna sem eiga betra líf vegna frumvarpsins **væri arðsemin hærri**

Þá eru **engin raskandi umhverfisáhrif** til staðar sem vega þarf á móti arðsemi líkt og í verkefnum um innviðaupbyggingu

¹ Vaxtakjör ríkissjóðs miða við niðurstöður skuldabréfaútboðs í evrum þann 27. maí 2020 þar sem vaxtakjör voru 90 punktar ofan á millibankavexti. Ávöxtun lífeyrissjóða er sú raunávöxtun sem stjórnvöld telja líklegast að lífeyrissjóðirnir nái um langa framtíð. Arðsemi Sundabrautar byggir á arðsemismati sem samgönguráðherra lagði fram sem svar við fyrirspurn á Alþingi þann 21. janúar 2003. Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar byggir á skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Kárahnjúkavirkjun og orkusölu til Fjarðaáls sem flutt var á Alþingi 12. október 2006. Arðsemi Keflavíkurflugvallar byggir á ávöxtun eigin fjár ISAVIA á árunum 2001-2005.



Sjá nánar

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021
[86/2021: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)
- Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=864aa86c-d80d-4865-b09b-a5875ddeeb85>
- Leiðbeiningar um innleiðingu laganna [Leiðbeiningar um innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna | Leiðbeiningar um innleiðingu | Barnaverndarstofa \(bvs.is\)](#)




Takk fyrir!

Heimasíða

www.bofs.is

Sími 530-2600



Reynsla af móttöku og stuðningi við nemendur með flóttabakgrunn

Aðalheiður Diego,
Kennsluráðgjafi hjá Menntasviði Kópavogsbæjar

Tilraunaverkefnið Birta - Skólaúrræði fyrir nemendur í umsóknarferli um alþjóðlega vernd.

Hófst haustið 2019 í Álftamýrarskóla

Markmiðið að veita börnunum fyrst og fremst öryggi, hlýju og hefja grunn að íslenskukennslu, kenna þeim stærðfræði frá þeim stað þar sem þau eru stödd þegar þau koma til okkar og kenna þeim ensku frá þeim stað þar sem þau eru stödd.

Mikilvægt að gefa nemendum tækifæri á að læra meira en íslensku þar sem ekki er vitað hvort þau fái að vera hér eða ekki. Nemendur eru í Birtu þar til þau fá vernd en þó aldrei lengur en tvær annir eða eitt skólaár.



Tilraunaverkefnið Birta Stoðdeild í

Álftamýrarskóla

ÞAÐ SEM KOM MEST Á ÓVART


- Hversu stórt hlutfall barnanna í deildinni voru með skerta skólagöngu eða jafnvel enga skólagöngu
- Heildstætt námsefni fyrir börn sem kunna ekki að lesa íslensku
- Aldurssvarandi námsefni fyrir íslensku sem annað mál.
- Líðan nemenda- minnisleysi athyglisbrestur
- Menningarmunur og mismunandi þarfir
- Mikilvægi þess að byggja upp traust við foreldra
- Upplýsingagjöf milli fjölbreyttra tungumála
- Léleg tannheilsa barna
- Sífelld streymi nemenda inn og út úr deildinni

Skert skólaganga barna sem eru á flóttu

Stór hluti flóttabarna eru með mjög rofna skólagöngu og oft er eini skólinn sem þau hafa farið í er skóli tengdur því landi sem þau komu frá áður en þau komu til Íslands.


Langflest þeirra eru að koma frá öðru landi en heimalandi.





Hér er graf yfir skólagöngu 30 nemenda sem voru í Birtu 2021 á ákveðnu tímabili
 Dökka súlan telur árin sem nemendur ættu að hafa verið í skóla
 Rauða súlan telur árin sem nemendur hafa verið í skóla

Líðan nemenda og gengi í námi




- Að fá tækifæri til að tjá sig á eigin móðurmáli í skólanum gefur sérhverjum erlenda nemanda mikið.



Að gefa nemendum tækifæri á að tjá sig á sínu móðurmáli skiptir máli.

- Það getur verið flókið að kenna hópi barna sem skilja hvert annað meðan þú sem kennari skilur ekki hvað þeim fer á milli.
- Það er krefjandi að kenna nemendum sund sem aldrei hafa komið í sundlaug.
- Samstarf við foreldra nemenda af erlendum uppruna þarf þolinmæði. Foreldrarnir sjálfir eru með áfallastreitu og það tekur tíma fyrir þau að skilja hvernig kerfið virkar. Eins og börn þeirra.
- Að útskýra íslenskt skólakerfi fyrir foreldrum. Nemendur færast á milli árganga án þess að hafa náð lágmarksviðmiðum þess árgangs.

Áskoranir



Foreldrasamstarf

- Byggja upp traust
- Hlutverk foreldra í tungumála námi barna sinna